

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

11. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Þétting byggðar er nauðsyn

Um 12 þúsund manns hafa sest að í Reykjavík síðan 2017. Það er um það bil allur fjöldi íbúa Mosfellsbæjar. Eða íbúafjöldi Árborgar, Seltjarnarness, Grindavíkur, Hveragerðis og Ölfus til samans. Þetta kom meðal annars fram í erindi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra á kynningarfundum á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á dögunum.

Ljóst er að svo mikill áhugi á búsetu í Reykjavík kallar á miklar framkvæmdir í húsnæðismálum. Íbúðir vantar fyrir yngri sem eldri og verðlag húsnæðis hækkar við vaxandi eftirspurn.

Áundanförnum árum hefur verið efnt til mikils átak í þéttingu byggðar í borginni. Þétting byggðar krefst nýrrar hugsunar í skipulags- og byggingamálum. Hún krefst meiri nálægðar í borgarumhverfi.

Þess sér þegar merki í Vesturbæ Reykjavíkur og Miðborginni. Vissir borgarhlutar eru nær óþekktanlegir frá því áður var. Hafnartorgið hefur verið byggt á gömlu malarbílastæði. Hverfisgatan hefur breyst úr brunarústum að hluta í blómlega byggð. Vestast í Vesturbænum eru blómleg hverfi að rísa.

Þétting byggðar krefst tilkostnaðar þar sem breyta þarf gróinni byggð. Spurning er þó um hvort sá kostnaður komi ekki til með að skila sér í formi hagkvæmara umhverfis.

Umræða um þróun borgar er nauðsynleg. Eflaust verða allir seint sammála. En ytri aðstæður setja þróuninni mörk eins og vikið hefur verið að.

Þétting byggðar er og verður ekki umflúin.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR


**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook

Miklar breytingar fyrirhugaðar á Loftleiðareitnum



Hugmynd um framtíðarskipulag á Loftleiðareitnum. Myndin var tekin á fundi Reykjavíkurborgar um grænar samgöngur á liðnu sumri.

Fasteignafélagið Reitur huga nú að byggingafrankvæmdum á Loftleiðareitnum. Gert er ráð fyrir íbúðum, matvöruverslun og líkamsrækt á svæðinu. Reitur undirrituðu kaupsamning við dótturfélag Icelandair um kaup á fasteigninni að Nauthólsvegi 50, þar sem skrifstofur flugfélagsins eru til húsa. Kaupverð er 2,3 milljarða króna.

Samkvæmt kaupsamningi verður Icelandair áfram í skrifstofuhúsnæðinu, sem er 6.474 fermetrar að stærð, næstu tvö árin en hyggst svo flytja höfuðstöðvannar á Flugvelli í Hafnarfirði árið 2024. Í hugmyndum Reita er gert ráð fyrir að gamla Hótel

Loftleiðir eða Natura verði áfram á sínum stað. Hins vegar er til skoðunar að skrifstofurými Icelandair fari til annarra nota. Er þá gert ráð fyrir svonefndum „co-living“ íbúðum þar sem íbúar deila rýmum á borð við þvottahúsi, eldhúsi og vinnuáðstöðu. Þá eru einnig hugmyndir um að koma upp matvöruverslun, líkamsrækt og kaffihúsi á svæðinu. Verði af þessum hugmyndum mun svæðið taka miklum breytingum. Þjónustufyrirtæki muni koma á svæðið auk þess að bílastæðunum fyrir framan innganginn að hótelinu verður breytt í almenningsrými.

Bryggjuhúsið við Vesturgötu 2 lagfært

Verður mathöll í miðbænum

Unnið er að breytingum og lagfæringum á einu sögufrægasta húsi Reykjavíkur, Bryggjuhúsinu Vesturgötu 2. Í gegnum tíðina hefur byggingin hýst margskonar verslanir, vöruhús, skrifstofuhúsnæði, blaðaútgáfu, kaffihús, skemmtistað og var um tíma eitt af stærstu veitingahúsum Reykjavíkur. Nú fær það nýtt hlutverk. Verður mathöll í miðbænum.

Bryggjuhúsið á sér langa sögu. Það var upphaflega reist af C.P.A. Koch árið 1863. Húsið var þá aðeins á einni hæð, með þaki yfir ganginn að bryggjunni, og var notað sem vöruhús og skrifstofur fyrir sjópostþjónustu. Vegna staðsetningarinnar varð húsið fljótt að samkomustað sjómanna og annarra sem áttu erindi að bryggjunni. Árið 1888 var ákveðið að númera öll hús í Reykjavík og fékk Bryggjuhúsið fyrsta númerið Vesturgata 2. Það var jafnan mikill viðburður í fábreyttu bæjarlífi þegar póstskipið sigldi inn í höfnina á vordögum. Fólk dreif sig niður á bryggju til að sýna sig og sjá aðra. Yfir veturinn var langt á milli skipaferða frá útlöndum og oft var það að síðasta vöruflutningaskip, sem einnig flutti menn og póst, sem kom í nóvember og síðan ekki fyrr en í enda mars eða byrjun apríl.

Fjölbreytt saga

Saga Bryggjuhússins er fjölbreytt. Árið 1917 keypti bærinn eða tók Vesturgötu eignarnámi. Þá var ætlunin að framlengja



Bryggjuhúsið við Vesturgötu 2.

Aðalstræti niður á bryggjunna. Ekkert varð þó af þeim áformum. Á árunum 1913 til 1917 var unnið að hafnargerð á svæðinu og þá var gerð uppfilling að Tryggvagötu og stækkaði lóð Bryggjuhússins mikið við það. Árið 1939 er gerð virðing á viðbyggingu við húsið og byggt ofan á hana. Um leið voru þessi tvö hús sameinuð undir eitt þak. Þar kemur fram að neðri hæðin sé aðallega notuð undir vörugeymslu og fataklefa. Árið 1941 reisti Natan og Olsen vörugeymslúhús úr holsteini nyrst á lóðinni sem Guðmundur Þorláksson byggingameistari teiknaði.

Gamli hafnarkanturinn verður sýnilegur

Með breytingunum nú verður gamli hafnarkanturinn norðan við húsið sýnilegri en áður. Það er hlaðinn grjótgarður sem reistur

var um 1890 og liggur frá vestri til austurs eftir endilöngum reitnum norðan við húsið. Þessi hafnarkantur er elsta hafnarmannvirki í Reykjavík. Þetta er stórmerkilegt mannvirki og er friðað. Upphaflegi hluti hússins stendur enn en það hefur verið stækkað í gegnum tíðina og byggt við það.

Breytt deiliskipulag samþykkt

Á fundum skipulagsfulltrúa Reykjavíkur á liðnu hausti var fjallað um umsókn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt, f.h. Tvíeykis ehf., um breytingu á deiliskipulagi Grófarinnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Vesturgötu. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. september 2021 til og með 14. október 2021. Engar athugasemdir bárust. Breytt deiliskipulag var samþykkt á fundi skipulagsfulltrúa 18. október síðastliðinn.

TOYO TIRES

PIRELLI
POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL

Laufenn
Journey in Style

MAXXIS
DEKK

Mastercraft
TIRES

NANKANG
FREE YOUR WAY

INTERSTATE
TIRES

DOUBLE COIN

Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkinn draga fram
bestu eiginleika bílsins og
veita hámarks öryggi við
misjöfn akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.



Toyo Pirelli Laufenn Maxxis Mastercraft Nankang Double Coin



Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Ekki lenda í biðröð.
Þú sparar tíma með því að bóka tíma.

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun


Fáðu ráðleggingar fagmann okkar
við val á réttum dekkjum

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Hefði ekki viljað sleppa uppvaxtarárunum

- segir Helgi Vilhjálmsson í Góu sem spjallar við Vesturbæjarblaðið um ævi sína

Helgi Vilhjálmsson oftast kenndur við Sælgætisgerðina Góu segir að ef hann ætti að lifa æfi sína á nýjan leik myndi hann ekki vilja sleppa æskuárunum sínum í Vesturbæ Reykjavíkur. Hann ólst upp í braggahverfi í Vesturbænum. Fór á sjó um tíma en síðan yfirtók "nammið" líf hans eins og hann segir sjálfur frá. Helgi er einn af stærri atvinnurekendum landsins. Rekur Sælgætisgerðina Góu í Garðabæ og einnig KFC eða Kentucky Fried Chicken skyndibita sem margir þekkja. En hvernig hefur líf hans verið í gegnum tíðina. Vinna og aftur vinna myndu sumir segja, útsjónarsemi myndi öðrum koma til hugar. Sennilega blandast þetta saman auk glaðlyndis og góðrar skapgerðar. Helgi er einnig þekktur fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum og vera tilbúinn að tala fyrir þeim nánast hvar og hvenær. Hann hefur gagnrýnt lífeyrissjóðakerfið og að undanförunu hafa málefni heldri borgara verið honum hugleikin. Hann hefur víðað þá hugmynd að breyta Bændahöllinni, sem nú stendur að mestu auð og tóm, í litlar íbúðir fyrir heldra fólk. Þótt Helgi nálgist áttætt vinnur hann fullan vinnudag í fyrirtækjum sínum. Kveðst vilja vinna á meðan hann getur. „Við skulum koma inn í fundarherbergið,“ segir hann við komumann. „Þá höfum við aðeins næði.“ Þegar þangað er komið dregur hann fram ramma sem hann var með undir hendinni. Í ramma var mynd af braggahverfinu þar sem hann ólst upp fyrir sjö til átta áratugum. Hann vildi sýna komumanni æskustöðvarnar.



Helgi Vilhjálmsson á vörulagerum í Góu.

„Þarna byrjaði þetta. Ég hefði alls ekki viljað missa af þessum tíma. Þessu uppeldi þrátt fyrir fátaekt höfðum við krakkarnir margt gott. Vorum mikið úti og lékum okkar. Þá voru engir skjáir til þess að glápa á og ekki við neitt annað að vera en útiveruna og síðan tók skóli lífsins við. Þar voru engin próf en ef við stóðumst þennan skóla þá var flestum borgið. Ég fór í Melskólann eins og aðrir krakkar. Þar gekk oft mikið á og kennararnir máttu stundum hafa sig alla við að halda aga. Stundum var tekið aðeins í mann. Þeir notuðu jafnvel sippubandið. Það gerði ekkert til en slíkar kennsluáferðir eru ekki vel séðar í dag. Tímarnir eru breyttir. Ég tel að Reykvíkingar geti talist heppnir að setuliðið skyldi eftir sig mikið af húsnæði þótt deila megí um hversu heppilegt það var til búsetu. Við höfðum engin efni á að byggja yfir þann fjölda sem tók sér búsetu í borginni á þeim tíma. Braggahverfin leystu tímabundinn vanda í sögu þjóðarinnar. Vanda sem ég sé ekki hvernig annars hefði verið leystur.“

Braggahverfin leystu tímabundinn vanda í sögu þjóðarinnar.

Vanda sem ég sé ekki hvernig annars hefði verið leystur.

um tíma en fann að sjómennskan átti ekki við mig. Alla vega ekki til lengdar. Ég var á sjó frá Grindavík og rak sjoppu í bænum með fram róðrunum. „Ég var á sjónum þegar elsta dóttir okkar fæddist þann fyrsta apríl. Ég hafði huga á að skreppa í land og líta á barnið. Skipstjórinn sagði að svoleiðis gerðu menn bara í landlegum. Það liðu einhverjar vikur þar til ég sá barnið. Vertíðin gekk fyrir.“

Kunni eitthvað fyrir mér namminu

„Þegar ég kom í land fór ég að huga að því hvað ég vildi gera. Mig langaði að taka þátt í atvinnulífinu. Ég hafði kynnst namminu. Ég sá að þar ég gæti þreifað fyrir mér. Fann að ég kunni eitthvað til verka. Ég stofnaði Góu 1. janúar 1968. Til að byrja með átti fyrirtækið eina karamelluvél en árið 1973 hófst framleiðsla á hraunsúkkulaðinu sem hefur verið ein vinsælasta vara fyrirtækisins upp frá því. Árið 1993 runnu tvær ástsælustu sælgætisgerðir landsins, Góa í Hafnarfirði og Linda á Akureyri saman. Í september 2002 keypti Góa svo rekstur lakkrisgerðarinnar Drift sf. Góa er í dag næststærsti sælgætisframleiðandi landsins. Starfsmannafjöldinn er um 50 manns og hafa sumir

þeirra starfað hjá fyrirtækinu í yfir 40 ár. Þegar ég stofnaði Góu spurði ég sjálfan mig hvort ég gæti keppt við þetta ágæta fólk sem ég hafi unnið hjá og átt ágæta daga. Þetta fólk átti hin og þessi fyrirtæki. Ég vildi ekki efast og reyndi. Byrjaði á að framleiða karamellur og hjólin fóru að snúast.“

Keyptum aldrei sigarettupakka eða bjórkippu

Helgi kveðst ekki hafa hugsað um ríkið þegar hann var að alast upp. Stundum hafi verið gantast með það í strákahópnum að það væri gott að ná sér í ríkar stelpur. Helgi gifti sig ungar þótt hann hafi ekki haldið í heitið um ríka konu. En þau hjónin voru samhent sem gerði gæfumun. Eiginkona Helga var Jóna Steinunn Patricia Conway. Þau Helgi gengu í hjónaband þann 21. september 1963. Jóna Steinunn eða Patty eins og hún var kölluð lést október 2011. Þau hófu búskap að Skjólbraut í Kópavogi en bjuggu lengst af á Skjólvangi í Hafnarfirði. „Ég var heppin. Við Patty voru gift í tæpa hálfu öld. Allt þar til hún lést. Við unnum bæði að rekstrinum. Á meðan þetta var að fara að stað settist ég yfir bókhaldið eftir vinnu og hún fór svo í bankann á morgnana. Stundum með barnavagninn á undan sér. Fyrstu tvo áratugina vorum við með skrifstofuna á eldhúsbörðinu. Fyrirtækið og fjölskyldan uxu hvort með öðru. Og þegar vel er farið með verður eitthvað eftir. Við keyptum aldrei sigarettupakka eða bjórkippu. Ég hef ekki fengið mér vín um dagana.“

Er Bændahöllin ekki að mestu tóm? Hvað á að gera við þetta stóra hús? Hef heyrt að það sé til sölu. Mér fundist tilvalið að breyta því í íbúðir fyrir heldra fólk. Húsið er á góðum stað í miðjum Vesturbænum. Útsýnið er frábært. Svo mætti útbúa fína félagsaðstöðu fyrir fólkið. Þar sem það gæti komið saman og átt góðar stundir. Það mætti setja upp stóran skjá þar sem Raggi Bjarna væri að syngja. Enginn er tengdari Sögu en hann

Þú átt eftir að byggja mikið

Helgi rifjar upp að þegar hann var að alast upp í Vesturbænum hafi fullorðin kona búið þar skammt frá. „Hún bjó í hálfgerðum kofa fyrir neðan þar sem Melabúðin er. Fékkst minnir mig við smíðar og gekk hölt. Var með klumbufót eins og það var kallað í þá daga. Hún kom einhverju sinni að máli við mig drenginn og sagði að ég ætti eftir og byggja mikið. Ég lagði eyrun við en gerði ekki mikið með þennan spádóm. Alla vega ekki þá. En svo fór þetta hjá mér eins og konan sagði. Ég fór að byggja og hef byggt eitt og annað um dagana. Sá að ég gat ekki rekið fyrirtækið nánast á vörubílsþalli þegar það stækkaði. Ég hef verið að byggja síðustu fjóra áratugina. Ég hef líklega um 15 til 20 þúsund fermetra þegar allt er talið.“

Bæði verksmiðjubyggingar og íbúðarhúsnæði. Ég rauk meðal annars í að byggja einbýlishús yfir mig. Ef til vill má rekja það til uppeldisins í bragganum. Fundist ég eiga betra skilið eftir að hafa alist þar upp. Nú bý ég einn eftir að hafa verið ekkjumaður í um áratug. Ég hef ekkert með þetta hús að gera bara yfir sjálfan mig. Gæti alveg hugsað mér að flytja í litla íbúð.“ Helgi er ómyrkur í máli þegar íbúðabygginga berast í tal. „Við þurfum að byggja meira af litlum íbúðum fyrir ungt fólk. Íbúðir þar sem fólk getur byrjað sinn búskap. Og ekki síður fyrir eldra fólk sem vill eða þarf að minnka við sig. Það skortir sárlega húsnæði fyrir aldrada sem uppfyllir þarfir þeirra hvað varðar einkalíf. Litlar íbúðir þar sem fólk hafi sitt privat og geti tekið á móti ættingjum og vinum. Það er illa búið að öldruðu fólki.“



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Helga myndist tilvalið að breyta Hótel Sögu í íbúðir fyrir heldra fólk.

Tilvalið að breyta Hótel Sögu í íbúðir fyrir eldra fólk

Helgi leiðir talið að Bændahöllinni. „Er hún ekki að mestu tóm. Hvað á að gera við þetta stóra hús. Hef heyrt að það sé til sölu. Mér myndist tilvalið að breyta því í íbúðir fyrir heldra fólk. Húsið er á góðum stað í miðjum Vesturbænum. Útsýnið er frábært. Svo mætti útbúa fína félagsaðstöðu fyrir fólkið. Þar sem það gæti komið saman og átt góðar stundir. Það mætti setja upp stóran skjá þar sem Raggi Bjarna væri að syngja. Enginn er tengdari Sögu en hann.“

Tilfni fyrir lífeyrissjóðina

Helgi segir að þarna væri komið tilfni fyrri lífeyrissjóðina. Hann hefur undanfarinn áratug velt stöðu þeirra fyrir sér og hvernig farið er með þá fjármuni sem þeir fá til ávöxtunar. „Ef sjóðirnir notuðu tvo milljarða á ári til að byggja litlar íbúðir fyrir ellilífeyrisþega væri hægt að útrýma húsnaðisskortri aldraða á áratug eða svo. Ég er ekki að

tala um ölmusu. Þeir sem hafa greitt í sjóðina eiga þessa peninga og eiga líka að fá ráðstafa þeim að vild. Mér finnst lífeyrissjóðirnir hafi gleymt okkur. Við sendum þeim peninga en þeir hugsa lítið um hvernig þeir geti auðveldað fólki ævikvöldið. Ég byrjaði að tala um lífeyrissjóðina fyrir áratug. Þá námu eignir þeirra um 400 milljörðum, en nema nú um þrjú þúsund milljörðum. Þeir fá 12 prósent af launinum okkar en þeir sem greiða hafa ekkert um það segja í hvað peningarnir eru notaðir.“ Hugmyndir Helga um að lífeyrissjóðirnir taki að sér að byggja yfir aldraða hafa vakið mikla athygli og hann fengið jákvæð viðbrögð fyrir að benda á þetta.

Lífeyrisgreiðslur skipta máli við makamissi

Helgi heldur áfram. „Þegar ég byrjaði að greiða í lífeyrissjóð árið 1964 höfðu menn ekki neitt val í hvaða sjóð þeir greiddu. Sem betur fer hefur það breyst. Menn þurfa að huga vel að því í hvaða sjóði þeir greiða og hvert viðbótarlífeyrissparnaðurinn fer. Ég og mín fjölskylda fórum

Mér finnst lífeyrissjóðirnir hafi gleymt okkur. Við sendum þeim peninga en þeir hugsa lítið um hvernig þeir geti auðveldað fólki ævikvöldið. Ég byrjaði að tala um lífeyrissjóðina fyrir áratug. Þá námu eignir þeirra um 400 milljörðum. Nú nema þær um þrjú þúsund milljörðum.

að greiða í Frjálsa lífeyrissjóðinn fyrir tíu til tólf árum. Þegar sonur minn dó greiddi sjóðurinn tíu milljónir inn í dánarbúið. Það kom hins vegar ekki króna frá Gildi sem hann var búinn að greiða í mörg ár. Svipað gerðist þegar konan mín féll frá. Þá fékk ég átta milljónir eftir hana en dæturnar eina og hálfa milljón hver. Það skiptir svo miklu máli þegar fólk missir maka sinn að það fái lífeyrisgreiðslur.“

Maður ólst dálítið upp með Ameríku

Helgi hefur ekki látið nammið eins og hann kemst að orði nægja. Hann fór að horfa eftir fleiri tækifærum. Fyrir rúmum fjórum áratugum opnaði hann fyrsta KFC staðinn hér á landi. „Ég hafði látið mig dreyma um að opna skyndibitastað. Maður ólst dálítið upp með Ameríku. Pabbi sigldi þangað

og ýmis áhrif bárust hingað. Sérstaklega á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og eftir hana. Ég var búinn að sjá KFC fyrir mér hér á landi og var búinn að leggja talsverða vinnu í að fá umboðið. Ég opnaði fyrsta KFC staðinn í Hafnarfirði 9. október 1980. Þá voru liðin 50 ár frá því Colonel Harland Sanders opnaði sinn fyrsta stað í Kentucky í Bandaríkjunum árið 1930. Nú eru átta KFC staðir hér á landi þar af sex á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef verið við þetta frá byrjun en í dag eru það þó aðalleg afkomendur mínir sem annast um rekstur KFC.“ Helgi segir að tilkoma KFC hafi breytt kjúklingaframleiðslunni hér á landi. „Við fórum að nota kjúklingabringurnar meira. Áður var áherslan lögð á læri, leggi og vængi. Mesti maturinn er þó í bringunni. Þegar KFC var 40 ára efndum við til einskona bílalúguleik. Hann fór þannig fram að farþegar í niunda hverjum bíl fengu afmælisfötu með níu kjúklingaleggjum gefins.“

Þola bara Pepsí og kjúkling

Helgi er keikur. Segir þó að stundum vekji talan 80 með sér ónot. Þar á hann sennilega við

Ég var á sjónum þegar elsta dóttir okkar fæddist þann fyrsta apríl. Ég hafði huga á að skreppa í land og líta á barnið. Skipstjórinn sagði að svoleiðis gerðu menn bara í landlegum. Það liðu einhverjar vikur þar til ég sá barnið.

afmæli sitt þegar hann sjálfur mun standa á átta tugum. „Þetta angrar mig þó ekki alvarlega. Ég hef stunum hóað nokkrum saman sem eru á svipuðum aldri og ég. Þegar ég gerði það fyrst spurðu þeir hvort barinn væri opinn. Þeir vildi fá brennivín. Ég var ekki alveg á því að þess þyrfti með. Nú fá þeir bara kjúkling og Pepsí að drekka með. Þeir þola ekki meira,“ segir Helgi Vilhjálmsson sem hvergi er að láta deigan síga.

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m · Kópavogi
www.bilarogtjon.is

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Mundu eftir Aukakrónunum um jólin

Þú getur keypt næstum hvað sem er fyrir Aukakrónur hjá yfir 200 samstarfsaðilum okkar um allt land. Þú sérð stöðuna á krónunum þínum í appinu.

Kynntu þér Aukakrónur á landsbankinn.is

Nýjar íbúðir í Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum og víðar

- byggt við leikskóla vegna nýrra íbúða



Nýr leikskóli við Eggertsgötu. Gera má ráð fyrir viðbyggingum við leikskóla í byggðum hverfum.

Áætlanir borgarinnar gera ráð fyrir því að á næstu árum byggist upp töluvert mikið af nýjum íbúðum inni í grónum hverfum borgarinnar ekki síst umhverfis legu fyrirhugaðrar Borgarlínu og væntanlega flytja þangað einhver börn.

Í áætlunum Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að á næstu árum þurfi að bregðast við aukinni fólksfjölgun í Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum, Laugardal og Háaleiti með því meðal annars að stækka leikskóla með viðbyggingum og nýjum leikskóladeildum sem ýmist verði í varanlegu húsnæði, eða færanlegu, sem nýta má til að mæta breytingum á þróun íbúafjölda í hverfum borgarinnar. Í leikskólamálanum er unnið eftir ætluð samþykkt var undir lok árs 2020 sem gerði ráð fyrir því að fjölga leikskólalássum um 700 til 750 fram til ársloka 2023.

Margar hugmyndir í „hverfið mitt“

Nú er kosningu um valin verkefni í „hverfið mitt“ lokið. Ýmsar skemmtilegar hugmyndir komu fram að vanda.

Í Vesturbæ voru eftirfarandi verkefni valin. Lóðin við Sundlaug Vesturbæjar fyrir alla fjölskylduna. Grænni Reykjavík. Opíð grænt svæði á Hagatorgi. Sjósundsastaða við Ægisíðu. Lítinn pott á Ægisíðu. Ærslabelgur í hverfinu. Fleiri bekkir í hverfið og Teqball völl hjá Hagaskóla.

Í Miðborginni voru þessi verkefni valin. Sérstakir safnkassar fyrir sprautunálar. Grænt svæði við Frakkastíg. Vindheld torg. Bætt lýsing í Einarsgarði og Hljómskálagarði. Endurbæta leikvöll í Hljómskálagarðinum. Betrumbætt grænt svæði við Snorrabraut. Útiafingatæki í



Gömlu grásleppuskúrarnir hafa lengi verið eitt aðal táknið við Ægisíðu. Nú vilja Vesturbæingar fá aðstoðu til sjósunds í fjörunni.

Hljómskálagarðinn. Útiafingatæki í Gamaldags götuljós í Miðstrætið við Gömlu spennistöðina. og fleiri hjólastæði í Miðborginni. Skreytum hús með húsum.

Hundrað og einn rampur kominn í Miðborginni

Hundrað og einn rampur fyrir hjólastóla hefur verið settur upp við innganga verslana og veitingastaða í miðborg Reykjavíkur að undanförunu. Áfanganum var fagnað í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir skömmu. Við það tækifæri sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri áttakinu sé hvergi nærri lokið. „Við viljum halda áfram í hliðargötum en líka annars staðar þar sem er þörf á því að gera verslanir og veitingahús aðgengilegri.“ sagði Dagur.

Haraldur Þorleifsson sem er forsprakki átaksins gaf sjálfur fimm milljónir til að hefja verkið og fékk fleiri með sér. Hann segir að nú þurfi að halda áfram í öðrum pósthúsum og landshlutum. Hann kveðst hafa átt samtalið við stjórnendur borgarinnar fyrst og borgin kom með í átakið. Síðan hafi einkaaðilar komið að því að styrkja verkefni og ríkið hafi einnig komið að verkefnum. Fljótt hafi góður hópur verið komin í verkið og það eiginlega tekið enga stund.



Hundrað rampar á einu ári er staðreynd í Reykjavík.

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opíð: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan

Vilja hefja framkvæmdir

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan hefur sótt um leyfi til að hefja framkvæmdir við kirkju sína sem rís á lóð mill Nýlendugötu og Mýrargötu.

Í umsókn segir að sótt sé um leyfi til að byggja kirkju auk kjallara, fyrir 245 manns og fimm starfsmenn á lóð nr. 2 við Bræðraborgarstíg. Rússarnir voru búnir að fá tveggja ára frest til að hefja framkvæmdir en nú eru teikningar og fjármagn til reiðu.



Þannig er hugmyndin að rússneska rétttrúnaðarkirkjan muni líta út.



TÍMALAUS ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



WWW.ASWEKGROW.IS

NS
NÝTT

cocoa
HORIZONS

Sirius

Rjómasúkkulaði



KONFEKTHNAPPAR Í HÁTÍÐARBÚNINGI

Við kynnum með stolti glænýja og gómsæta Konfekthappa með karamelluristuðum núggatín möndlum.
Ljúffengt Cocoa Horizon vottað hreint rjómasúkkulaði, með appelsínubragði og með karamellubragði.
Ómótstæðileg þrenna! Gleðilega hátíð.

Þrjú ný nes í Skerjafirði



Ný byggð í Skerjafirði.

Andvaranes, Otursnes og Reginsnes eru ný gatnaheiti í Skerjafirði. Þá fær nýtt torg nafnið Iðutorg. Innblásturinn að nýju götunöfnunum er fenginn frá Sigurði Fáfnisbana og sagnaheimi í kringum hann en Otur og Reginn eru bræður Fáfnis en fyrir eru í Skerjafirði til dæmis Fáfnisnes og Gnitanes.

Í Fáfnisáttal er sagt frá för Regins og Sigurðar upp á Gnitahéiði, þar sem Sigurður notaði sverðið Gram til að vinna á orminum Fáfni sem lá á vænum haug af gulli. Síðan steikti garpurinn hjarta Fáfnis yfir eldi. Þegar hann hugðist kanna hvort fullsteikt væri fékk hann dropa af hjartablóði ormsins á tunguna, „þá kunnir hann fuglsródd og skildi, hvað fuglarnar sögðu“ segir í Snorra Eddu. Og eftir að Sigurður hafði hlustað á snjallan ljóðasöng spörfuglanna um stund drap hann Regin, batt gullið í klyfjar og lagði á bak hestinum Grana og reið á brott. Nafnanefnd skipa Ármann Jakobsson, Guðrún Kvaran, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Músson, sem er formaður nefndarinnar. Til viðbótar situr Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa fundi nefndarinnar.

Fjölmennningarhátíð í Vesturbænum



Fjölmennningarhátíð var haldin í Samfélagshúsinu Aflagranda 40 í vesturbænum miðvikudaginn 13. október þar sem kenndi ýmissa grasa. Krakkar frá leikskólanum Drafnasteini mættu og hengdu upp litríkar hendur sem þau höfðu útbúið og sungu fyrir gesti við mikinn fögnuð.

Krakkar frá frístundaheimilunum Frostheimum og Skýjborgir mættu og léku sér á Stóra leikvelinum sem Hlín mætti með en hún heldur m.a. utan um verkefnið Fjölbreytt kennsla. Friðrik frá Kramhúsinu mætti og hélt utan um hópefli með arabísku þema og Salsa Iceland sýndi dansa frá hinum ýmsu þjóðum. Gestir gátu gætt sér á mat frá m.a. Tyrklandi, Lettlandi og Litháen og gafst fólki einnig tækifæri á að prófa að tálga hjá Magga tálgara. Þórdís Erla setti upp ljósmyndasýningu sem sýndi starfsfólk Eflingar sinna undirstöðuáttavinnugreinum landsins og svo söng Renata lög á litháísku, íslensku og ensku. Gestum gafst síðan kostur á að versla sér kvöldmat til að taka með heim því Bumbuborgarar mættu á svæðið með matarvagninn sinn.

Hátíðin var styrkt af íbúaráði Vesturbæjar en hugmyndin að hátíðinni kom út frá verkefninu Velkomin í hverfið sem snýst um að taka vel á móti fjölskyldum sem koma erlendis frá og eru nýjar í hverfinu og tengja þær inn í samfélagið.

Þessar myndir voru teknar á fjölmennningarhátíðinni í Vesturbænum. Myndirnar eru frá Iðunni, Lenu og Sirí.



Hleðslutæki Jólatilboð!

20% Afsláttur



Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: www.skorri.is

Þríkrossinn



Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Íslenskt handverk. Fæst um land allt.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskerta á Íslandi
STOFNAD 1939



Stuðningur til sjálfstæðis

Framkvæmdum að ljúka í Ægisborg

Framkvæmdum er að mestu lokið í Ægisborg. Elstu börnin í leikskólanum fengu um miðjan september tímabundna aðstöðu hjá íþróttafélaginu KR í Frostaskjól.

Fyrir í mánuðinum komu 28 börn og sjö starfsmenn aftur í Ægisborg þar sem búið er að skipta um gólfefni og setja hita í öll gólf. Ráðist var í þær framkvæmdir þegar úttekt leiddi í ljós raka í gólfplötunni. Börnin þökkuðu starfsfólki KR fallega fyrir sig þegar þau kvöddu Frostaskjól. Í bréfi sem þau afhentu þeim með listilega smíðuðum bikar segir m.a. "Takk fyrir að lána okkur salinn og borðin og vegginn til að hengja bréfin og fyrir að leyfa okkur að skoða bikarana. Þið eruð með flotta bikara. Það var gaman að vera með ykkur. KR er besti staðurinn í öllum heiminum."



Frostaskjól er í næsta nágrenni við Ægisborg og hefur lengi verið gott samstarf milli leikskólans og íþróttafélagsins KR og börnin farið þangað reglulega í hreyfingu.

Samkeppni um breytingar á Melaskóla og Hagatorgi

Borgarráð hefur samþykkt að haldin verði hönnunarsamkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um viðbyggingu við Melaskóla og einnig um hvernig útfæra megi Hagatorg sem fjölbreytt útvistarvæði fyrir nemendur og íbúa í hverfinu. Skúli Helgason formaður Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar segir að Melaskóli sem fagnar 75 ára afmæli í ár sé einn fjölmennasti barnaskóli landsins með 579 nemendur á aldrinum 6 til 12 ára. Það er mun meiri fjöldi en skólinn rúmar og í þarfagreiningu um viðbyggingarþörf Melaskóla sem vísað er til í samþykkt borgarráðs segir að það komi m.a. niður á aðstöðu til list- og verkgreinakennslu, starfsmanna-aðstöðu, mótuneytisaðstaða er af skornum skammti og aðgengismálum er ábótavant. Þarfagreiningin sýnir að brýnt er að byggja við skólann, bæði til að bæta fyrrnefnda aðstöðu, til að frístundaheimilið Selið fái aðstöðu í skólahúsnæðinu og til að rúma áætlaðan fjölda nemenda. Stefnt er að því að hönnunarsamkeppnin hefjist á fyrri hluta næsta árs og er vonast til þess að niðurstöður hennar liggja fyrir um haustið.

Í greinargerð um samkeppnina segir að endurbygging og hönnun Melaskóla sé margþætt verkefni þar sem hagsmunir barnanna eiga að hafa forgang og mikilvægt

sé að huga að útsvæði í breytingunum. Mikilvægt er að samráð sé haft við notendur í hönnunarferlinu. Hluti af hönnunarsamkeppninni verður útfærsla á Hagatorgi sem rými fyrir almenning og skólastarf. Skúli segir að það sé mjög ánægjulegt að góð samstaða hafi skapast um að breyta Hagatorgi úr einhverri stærstu umferðareyju landsins í grænan almenningsgarð sem geti nýst fyrir fjölbreytta hreyfingu og skemmtilegt mannlíf barna og fullorðinna í hjarta Vesturbæjarins, jafnt nemenda sem annarra íbúa. Hagatorg er um 5600 fermetrar að stærð og býður því upp á mikla möguleika á fjölbreyttri nýtingu. Huga eigi Hagatorg sem fjölnota rými sem taki mið af nálægð þess við Mela- og Hagaskóla og leikskólann Hagaborg þannig að það geti nýst börnum og unglungum í skólunum þremur til fjölbreyttrar útvistar og útináms. Skoða þurfi samgöngur í nálægð skólans með áherslu á öryggi gangandi vegfarenda. Þess má geta að endurbætur á Hagatorgi hlutu kosningu í Hverfið mitt og verði útfærsla þeirra sérstaklega skoðuð fyrir fyrirhugaða samkeppni til að fjármunir nýtist svæðinu sem best.

Selið gegnir mikilvægu hlutverki

Skúli vísar tali sínu að frístundaheimilinu Seline þar sem



Skúli Helgason formaður Skóla- og frístundaráðs

áhersla sé lögð á að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni sem styðja við innleiðingu menntastefnunnar í verki. Skúli segir Selið gegna afar mikilvægu hlutverki í félagsmótun barna og leggi grunn að því að efla sjálfsmynd og félagsfærni þeirra. Mikill meirihluti nemenda í fyrsta og öðrum bekk í Melaskóla nýtir sér þjónustu frístundaheimilisins allt árið um kring. Húsnæði Melaskóla og Selsins þurfi því að vera sveigjanlegt og fjölbreytt til að geta mætt þörfum nútíðar og framtíðar. Það sé lykilatriði í stefnu skóla- og frístundasviðs að samþætta skóla- og frístundastarf undir sama þaki og það hafi verið leiðarljós starfshópsins sem skilaði fyrrnefndri þarfagreiningu. Það sé því stefnt



Skúli segir að það sé mjög ánægjulegt að góð samstaða hafi skapast um að breyta Hagatorgi úr einhverri stærstu umferðareyju landsins í grænan almenningsgarð sem geti nýst fyrir fjölbreytta hreyfingu og skemmtilegt mannlíf barna og fullorðinna í hjarta Vesturbæjarins.

að því að starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar Melaskóla fái aðstöðu inn í skólahúsnæðinu sjálfu eftir að það hefur verið stækkað.

Einnig þörf á stækkun Hagaskóla

Skúli bendir á að jafnframt sé nú unnið að greiningum varðandi úrbætur á húsnæðismálum Hagaskóla en þar er sömuleiðis þörf á stækkun, ekki síst til að mæta miklum og vaxandi nemendafjölda en líka til að mæta betur nútímakröfum um húsnæði sem hæfir nútímalegu skóla- og frístundastarfi. Vonir standa til þess að vinnu við þarfagreiningu á húsnæði Hagaskóla ljúki fljótlega.

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Skúli bendir á að fyrir liggja samþykkt frá

borgarráði um að umhverfissjónarmið Breeam skuli notað til að votta nýjar byggingar Reykjavíkurborgar. Við endurbætur á eldra húsnæðis séu ekki kröfur um vottun en engu að síður skuli hún unnin á sem vistvænastan máta. Mikilvægt sé því að unnið sé á markvissan hátt með umhverfissjónarmið í hönnunarferlinu. Þá leggur Skúli sérstaka áherslu á að mikill fengur sé að nýrri stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf þar sem m.a. er á vandaðan hátt sýnt fram á hvernig húsnæði og aðstaða geti nýst við að laða fram og styrkja hina fimm hæfnipætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu borgarinnar byggist á: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Þessi stefna verði leiðarljós byggingu nýrra skóla í framtíðinni en sömuleiðis viðbygginga eins og í Melaskóla og Hagaskóla.

Kjötkompaní

TILBÚIN JÓLAHLAÐBORD

Stórveisla heima
án fyrirhafnar

kjotkompani.is/jolin

Munið að panta tímanlega

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

DEKRAÐU VIÐ ÞIG OG ÞÍNA Í DESEMBER



Kyngimögnuð ítölsk kerti
Umhverfisvæn kerti að fornum ítölskum sið.
Mynd- og orðaskreytt með háskerpu vaxprentunartækni.
Einstök í heiminum.
Kerti er ekki bara vax. Kerti er list.



Jógadýnur og fylgihlutir
Allskonar jógadýnur og fylgihlutir.
Endurunninn ull og korkur frá Asanas.
Klassískar frá Manduka.



Jóga- og kósýföt
Lífrænn og umhverfisvænn
dásæmdar fatnaður sem
þú vilt verja 80% af tíma þínum í.
Buxur, bolir, samfestingar,
túníkur og kjólar.
Ripple, Spiritual Gangster, BySissy.



Baðdekur af bestu gæðum
Fjölbreytt spa- og baðlína: Húðburstar, svampar, hanskar, naglaburstar,
hárbönd, augnhvilur og allskyns. Hydréa London hlaut nýlega "Good Brand
Award" fyrir umhverfisvitund og sjálfbærni.
Leiðandi í baðdeki í heiminum í dag.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Hverjir verða í næstu borgarstjórn?

Sveitarstjórnarkosningar eru á komandi vori. Gera má ráð fyrir að fljótlega upp úr áramótum fari framboðsaðilar að setja sig í stellingar hvort sem efnt verður til prófkjöra eða framboð ákveðin með öðrum hætti. Líklegt verður að teljast að margir borgarfulltrúar hyggi á áframhaldandi setu en einhverra breytinga kann þó að vera að vænta.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri mun ekki búinn að ákveða hvort hann muni gefa kost á sér til þess að leiða framboðslista Samfylkingarinnar og vera borgarstjórnaefni. Ákveði hann að halda áfram er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum en ákveði hann að hætta getur komið til þess að tekist verði á um oddvitasætið og ekki enn víst hverjir muni sækjast eftir því. Bæði Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Pavel Bartoszek munu hyggja á framhald í borgarstjórn og ekki búist við miklum breytingum hjá Viðreisn. Einhverjar hugmyndir eru uppi um að Þórdís Lóa verði borgarstjóraefni núverandi meirihluta kjósi Dagur að draga sig í hlé. Eyþór Arnalds oddviti Sjálfstæðisflokksins hefur gefið til kynna að hann hyggist leiða lista flokksins og Hildur Björnsdóttir sem er í öðru sæti í dag hyggur einnig á framhald. Minna er vitað um aðra borgarfulltrúa flokksins en engir hafa að minnsta kost enn sem komið er ákveðið að gefa ekki kost á sér. Listi Sjálfstæðisflokksins gæti því orðið lítið eða ekkert breyttur frá því sem nú er að því gefnu að prófkjör hrófli ekki mikið við honum. Líf Magneudóttir hjá Vinstri grænum hyggst halda áfram og einnig Sanna Mörtudóttir sem situr í borgarstjórn fyrir Sósíalísta flokkinn. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir sem var borgarfulltrúi Pírata er hætt í borgarstjórn og flutt til Húsavíkur en ekki er vitað um fyrirætlanir Dóru Bjartar Guðjónsdóttir



Næstu borgarstjórnarkosningar verða 14. maí nk.

eða Alexöndru Briem. Ekki er heldur vitað hverjir hyggja á framboð fyrir Framsóknarflokkinn. Hann hefur ekki átt fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur að undanförunu en í ljósi nýafstaðinna Alþingiskosninga getur hann átt góða mörguleika á borgarfulltrúasæti. Það getur þó ráðist af því hver mun leiða lista flokksins og hversu sýnilegir efstu menn hans verða. Miklar lýkur eru á að Flokkur fólksins eigi mörguleika á sæti í borgarstjórn og spurning um hvort Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi verði áfram í borgarstjórn á hans vegum. Miðað við niðurstöðu þingkosninganna og skoðanakannana að undanförunu er ekki líklegt að Miðflokkurinn nái manni í borgarstjórn bjóði hann fram. Af öðrum framboðum hafa ekki borist fregnir enn sem komið er enda nóvember og kosningar að vori. Ný framboð gætu því átt eftir að skjóta kollinum upp.

Vesturbær og Miðborg

Viðurkenningar fyrir fjölbýlishúsalóðir og endurbætur á eldri húsum

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar veitir árlega viðurkenningar fyrir fallegar stofnana-, fyrirtækja- og fjölbýlishúsalóðir og fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum. Nokkrar fasteignir í Vesturbæ og Miðborg hlutu fegrunnarviðurkenningar Reykjavíkurborgar að þessu sinni en þær eru veittar á afmælisdegi borgarinnar 18. ágúst ár hvert. Afhending viðurkenninga fór fram í Höfða. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Pawel Bartoszek formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar veittu viðurkenningarnar.

Að þessu sinni var Frikkirkjuvegur 11 viðurkenningar aðnjótandi. Húsið var reist á árunum 1907 til 1908 eftir teikningum Einars Erlendssonar fyrir athafnamanninn Thor Jenssen. Húsið er friðlýst og hefur staðið að mestu óbreytt frá upphafi en gengist undir töluverðar viðhaldsframkvæmdir á undanförunum árum. Húsið er eitt besta dæmi Reykjavíkur um framúrskarandi varðveislu hvað byggingarstíl, byggingarefni og handverk varðar.

Hátún 8

Hátún 8 er byggt árið 1963 eftir teikningum Sigvalda Thordarson arkitekts og er með þekktari fjölbýlishúsum í Reykjavík. Húsið er sjö hæðir auk efri og neðri kjallara. Sigvaldi lagði áherslu á sérþylgi í fjölbýlinu við hönnun hússins. Nýlegar endurbætur á húsinu sem stóðu yfir um árabíl hafa miðast að því að varðveita upprunaleika hönnunar Sigvalda.

Skólastræti 5

Skólastræti 5 er búðarhús Einars Jónssonar „snikkara“ sem var reist árið 1856 og er meðal elstu húsa í Reykjavík. Í því má lesa hvernig lítil 19. aldar íbúðarhús stækkuðu eftir tísku og efnahag er leið á öldina en húsið var lengt til norðurs og byggður



Þeir sem tóku við viðurkenningum í Höfða ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Pawel Bartoszek formanni umhverfis- og skipulagsráðs.

á það breiður miðjukvistur 1865. Árið 1889 var það síðan hækkað um eina hæð. Húsið er eitt af elstu íbúðarhúsum í miðbæ Reykjavíkur en það hefur jafnframt ótvírætt gildi sem partur af hinni upprunalegu timburhúsa-byggð sem þrýðir brekkuna austan Lækjargötu.

Íþaka

Íþaka var reist sem bókhlaða Menntaskólans í Reykjavík árið 1867 og er það hlaðið steinhús úr höggnum grásteini. Danski byggingarmeistarinn C Klentz sá um byggingu og líklega hönnun þess. Upphaflega voru útveggir kalkaðir og þak skífulagt. Bogadregnir pottjárnsgluggar þrýddu allar hliðar hússins. Íþaka er partur af elstu og heillegustu götumynd Reykjavíkur en götumyndin einkennist af húsum sem byggð voru á 18. og 19. öld og eru nú friðlýst. Nýlegar endurbætur á Íþöku sem gerðar voru eftir teikningum Argos arkitekta miðuðust að því að færa húsið sem næst upprunalegu útliti.

Tjarnargata 28

Tjarnargata 28 var byggt fyrir Eggert Briem skrifstofustjóra árið 1907 en hönnuður þess er ókunnur. Upphaflegt hús var reist með porti, risi og kjallara í bárujárnssveitserstíl sem einkennir byggðina undir Tjarnarbrekkunni. Gildi hússins er því mikið fyrir þá röð friðlýstra timburhúsa sem reist voru í byrjun 20. aldar í samþærligum byggingarstíl.

Suðurgata 12

Suðurgata 12 er stofnanalóð. Um er að ræða gagngera endurnýjun á lóðinni þar sem vel hefur verið vandað til verka. Garðurinn feprar alla götumynd Suðurgötunnar einnar elstu götu í gömlu Reykjavík. Neðst í lóðinni við gangstétt á Suðurgötu er komið fyrir listaverki eftir Kristín Hrafnsson sem er skemmtileg viðbót við góða hönnun lóðarinnar.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242



Sverrir Einarsson

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Menntun, menntun, menntun

Fjárhagsáætlun næsta árs sýnir berlega áherslur núverandi meirihluta í Reykjavík. Við ætlum að fjárfesta í börnunum okkar og unglíngum með því að veita fjármunum í auknum mæli í menntun barna, skólaumhverfi þeirra og aðstöðu. Nám er ekki bara skrifborð og stóll, heldur þarf námsumhverfið allt að vera hvetjandi á mörgum sviðum.

Ég fékk nýlega þann heiður að veita Árbæjarskóla verðlaun fyrir sigur í Skrekk, árlegri hæfileikakeppni grunnskólanemenda í Reykjavík. Ég vil óska þeim nemendum innilega til hamingju með sinn árangur. En þarna á sviðinu sá ég hvað við eigum ótrúlega hæfileikarík börn, með hjartað á réttum stað, sem munu svo sannarlega eiga eftir að ná langt. Ekki bara í Árbæjarskóla heldur í skólum um alla borg. Við þurfum að rækta hæfileika hvers barns í skólunum.

Stóratök í viðhaldi

Í kjölfar efnahagshrunsins var ákveðið að spara í viðhaldi og fjárfestingum skólabygginga og fjárfesta frekar í mannauði og skólastarfi. Það hefur tekið langan tíma að vinda ofan af þeirri viðhaldsskuld sem myndaðist og nú þarf að taka skrefin lengra. Reykjavíkurborg hefur því látið meta ástand allra skólabygginga í borginni, leikskóla, grunnskóla og frístund, og greint hvar viðhalds er þörf. Hægt er að skoða niðurstöður fyrir hverja skólabyggingu á vef Reykjavíkurborgar.

25 til 30 milljarðar

Þessar niðurstöður verða notaðar til að ráðast í risastórt viðhaldsátak, þar sem viðhaldsskuld undanfarinna ára verður greidd. Til að nýta tíma, mannafla og fjármagn með sem bestum hætti verður viðhaldinu forgangsraðað eftir ástandi húsnæðis, þar sem horft verður, í þessari röð, á öryggi; rakamál; ytra byrði, klæðningar, þök og glugga; loftræstingu; hljóðvist, ljósvist o.fl.; og aðgengismál. Með því að leggja 25 til 30 milljarða í viðhald á næstu fimm árum vonumst við til að standa á jöfnu í viðhaldi skólabygginga og að börnin okkar muni búa við mun meira öryggi og heilnæmara húsnæði í öllum skólabyggingum.

Fjárfestum í leikskólum og stafrænni tækni

Við ætlum að verja fjórum milljörðum í að fjölga leikskóladeildum, til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistunar fyrir enn fleiri börn og í þeim hverfum þar sem biðlistar eru lengstir. Stafræna byltingin mun ná til skólanna því við ætlum að fjárfesta í tölvum og stafrænni tækni fyrir leikskóla, grunnskóla og frístund til að bæta námsumhverfið.

Við ætlum líka í stafræna umbreytingu fyrir foreldra, með umbyltingu á innritun í leikskóla og frístund barna og í umsókn um skólaþjónustu, á forsendum notenda.

Fjárfestum til að mæta fjölbreyttum þörfum

Við þurfum líka að horfa á innra starf skólanna og rekstur. Því ætlum við að bæta við 1,5 milljarði á hverju ári í rekstur grunnskóla. Það er sú upphæð sem nýtt úthlutunarlíkan grunnskóla Reykjavíkur segir að þurfi til að fullfjármagna grunnskólana okkar. Ég fékk þann heiður að leiða gerð þessa nýja úthlutunarlíkans og fá þannig innsýn inn í þau fjölbreyttu verkefni sem mæta grunnskólakennurum á hverjum degi.

Nýr formaður Kennarasambands Íslands, Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla átti stóran þátt í að koma þessu nýja líkani á og áttum við þar gott samstarf. Með úthlutunarlíkaninu munu skólastjórnendur fá aukið faglegt frelsi, og ábyrgð, til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með teymisstarfi fagfólks á sviðum velferðar, heilbrigðis og skóla. Þannig verður þörfum hvers skóla og skólaumhverfis betur mætt, og dregið er úr aðstöðumun á milli skóla.

Það er því bjart yfir skólastarfi í Reykjavík og námsumhverfi barnanna.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,
formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar



Þórdís Lóa
Þórhallsdóttir.



- Er komið að húsnæðis-skiptum eða vantar þig stuðning og ráðgjöf við erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti?
- Vilt þú fá lögmann þér við hlið sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu?
- **BÚUM VEL** veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún, lögmaður
Tryggvagötu 11, 2. hæð
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðiþjónusta
við búsetuskripti
með áherslu á 60+

BASARINN

Nytjamarkaður

Austurveri

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



Smurþjónusta
Engar tímapantanir!

Kæru nágrannar,
við viljum minna á þjónustu
okkar í Vatnagörðum 12

Komdu í bílaþrif eða
nýttu þér smurþjónustu
Motormax



Djúphreinsun - Bón - Léttþrif
Alþrif - Mössun - Ceramic húðun



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími 545 4040
motormax@motormax.is

Lava Show opnar á Granda fyrir næsta sumar



Aðstandendur Lava Show. Ragnar Þórir Guðgeirsson, Hildur Árnadóttir, Birgir Örn Birgisson, Ragnhildur Ágústsdóttir og Júlíus Ingi Jónsson.

Icelandic Lava Show, sem heldur úti lifandi hraunsýningu í Vík í Mýrdal, hefur undirritað samkomulag við EB Invest sem kemur inn í eigendahóp félagsins með fjármagn til að standa straum af opnun á nýrri sýningu á vegum félagsins.

Þrjú ár eru síðan Icelandic Lava Show opnaði. Í tilkynningu fra félaginu segir að reksturinn hafi vaxið hratt í fyrstu en kórónuveirufaraldurinn reyndist hins vegar áskorun fyrir félagið. Vel gangi þó að vinna úr aðstæðum og þá segir að staða félagsins hafi aldrei verið sterkari.

Fyrsti áfanginn í framtíðaráformum félagsins er opnun sýningar í Reykjavík en hún kemur til viðbótar við sýninguna sem fyrir er í Vík í Mýrdal. Félagið hefur þegar tryggt sér húsnæði á Granda og vinna er komin af stað svo hægt verði að opna fyrir næsta sumar. Birgir Örn Birgisson, fyrrum forstjóri Domino's á Íslandi, fer fyrir EB Invest. Starfsemi Icelandic Lava Show felst í að endurskapa aðstæður eldgoss með því að bræða alvöru hraun upp í 1.100°C og hella því inn í sýningarsal fullan af fólki. Aðstandendur sýningarinnar segja að hvergi annars staðar í heiminum sé hægt að komast í návígi við rauðglóandi hraun með öruggum hætti.

Tjörnin tilnefnd til hinna íslensku menntaverðlauna

Tjörnin, frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er tilnefnd til hinna íslensku menntaverðlauna 2021 fyrir framúrskarandi frístundastarf. Það er mikill heiður að frístundastarf sé tilnefnt til menntaverðlaunanna í flokki A sem fjallar um menntaumbætur. Að verðlaununum standa; Embætti forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands, Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun, Skóla- og frístundastíð Reykjavíkurborgar.

Þessir aðilar hafa tekið höndum saman um að veita árlega viðurkenningu fyrir framúrskarandi skólustarf eða aðrar umbætur í menntamálum. Um 200 starfsmenn starfa í Tjörninni og sinna um 4.000 börnum og unglingum. Undir Tjörnina heyrja 12 frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna í nánú samstarfi við grunnskólana í borgarhlutanum og aðra sem að koma að uppeldisumhverfi barna. Guðrún Kaldal er framkvæmdastjóri Tjarnarinnar.

Að koma til móts við ólíkar þarfir

Með tilkomu nýrrar menntastefnu í Reykjavík hefur starfið vaxið og dafnað og viðurkenning á mikilvægi frístundastarfsins hefur aukist. Nú fara nánast öll börn sem hefja grunnskólagöngu í frístundaheimili sem teljast hluti af grunnmenntun barna. Mikil þátttaka er bæði í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum Tjarnarinnar og ánægja með starfið er mikil. Markmiðið með starfi frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar er að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum. Tjörnin hefur verið framsækin og leitt mörg þróunar- og nýsköpunarverkefni frá því að hún tók til starfa árið 2016 og meðal annars verið leiðandi í lýðræðis- og mannréttindavinnu með börnum og unglingum í Reykjavík.

Vottuð réttindafrístundaheimili

Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna 78 og frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar er dæmi um metnaðarfullt verkefni en hún er fyrir börn og unglinga á aldrinum 12 til 18 ára. Réttindaganga frístundaheimila Tjarnarinnar er farin ár hvert en þá minna börn á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi



Nokkur þeirra um 200 manna og kvenna sem starfa í Tjörninni.

barna. Einnig hafa öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar í Vesturbæ hlotið vottun sem réttindafrístundaheimili og félagsmiðstöðvar en þar er vottun frá UNICEF um að unnið sé eftir Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Tjörnin vinnur eftir menntastefnu Reykjavíkurborgar og til þess er nýtt stefnumiðuð stjórnun í því skini innleiða alla færniþætti í starfinu. Leitast er við að vinna eftir þeim aðferðum sem kenndar eru við heiltæka nálgun og samvirkni (e. systematic improvement) og mikil áhersla á samvinnu og samstarf allra í uppeldisumhverfi barnsins. Megináhersla er á að greina og byggja á styrkleikum barna og unglinga. Fyrir ár hvert er gefin út starfsáætlun þar sem lesa má betur um hvernig unnið er eftir menntastefnu og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsáætlun má finna á heimasíðu Tjarnarinnar, www.tjornin.is.

Vakið athygli innanlands og utan

Starf Tjarnarinnar hefur vakið athygli á landsvísi og út fyrir landsteinana. Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð var tilnefnd sem gott dæmi um verkefni í borg hjá Safe Nordic Cities og Hinsegin félagsmiðstöð hlaut viðurkenningu frá Norrænu ráðherranefndinni.

Nokkur dæmi um þróunarverkefni sem starfsmenn Tjarnarinnar hafa unnið að:

Vaxandi valdefling; Efling fagmennsku í frístundastarfi í samstarfi við Háskóla Íslands:

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m - Kópavogi
www.bilarogtjon.is

Vinnustofur um sjálfsefningu og félagsfærni. Meginmarkmiðið er að finna leiðir í frístundastarfi til að auka vellíðan og farsæld í lífi barna, unglinga og starfsmanna.

Flotinn viðbót við almennar félagsmiðstöðvar

Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna 78: Félagsmiðstöðin sinnir öllum þeim unglingum á höfuðborgarsvæðinu sem hafa áhuga á fjölbreytileika.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð: Flotinn er viðbót við almennar félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva. Flotinn starfar þvert á borgina og er ekki bundinn við eitt ákveðið hverfi og sinnir vettvangsvinnu í borginni. Flotinn vaktar hópamyndun og er til staðar fyrir unglinga. Flotinn fer líka um borgina eftir að útivistartíma líkur.

Treystum böndin: Forvarnarátak: Treystum böndin er samstarf og samtal við foreldra og fræðsla um verndandi þætti í uppeldisumhverfi barna og unglinga. Í tengslum við verkefnið hefur frístundamiðstöðin Tjörnin gefið út handbók um foreldrarölt og verið foreldrum innan handar við að sinna foreldrarölti.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSAMÍÐJAN

VÉLAVERKSTÆÐI | SLÁTTUVELAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



ÞARFTU NAUÐSYNLEGA NAGLADEKK Í VETUR?

 NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI



Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluástöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



Söguminjar við Grímstaðavör

Nú eru liðin 150 ár frá því sjómenn á opnum árabátum við Kollafjörð: í Reykjavík, Engey og á Frammesinu, sem við nefnum nú Seltjarnarnes tóku afgerandi forystu í fiskveiðum og útgerð á Suðvesturhorni landsins. Þetta gerðu þeir með miklu stærri og breyttum bátum (Engeyjarlag) bættum stýrisbúnaði, völdugri siglu og betri seglabúnaði. Þeir lærðu að sigla. Í kjölfarið sóttu þeir miklu lengra út á Flóann, öfluðu betur og oft og seldu aflann úr landi með mun meiri hagnaði en áður tíðkaðist. Þessir fullhugar lögðu grunninn að hinni miklu þilskipaútgerð við Faxaflóann, frá 1880 til 1910, sem aftur varð nauðsynleg forsenda fyrir vélvæðingu bátaflotans, togaraútgerð og tröllauknum hafnarframkvæmdum í Reykjavík frá 1913.

Nú er þessi merka saga ekki oft rifjuð upp. En hún má ekki gleymast.

Fátt er nú til marks um þá sögu sem hér hefur verið dregið á. Norðurstrandlengja Reykjavíkur, frá Ananaustum að Elliðaánum er nú löngu gjörbreytt og manngerð og hinar gömlu varir þessara merku sjómanna, löngu horfnar. En Grásleppuskúrarnir við Ægisíðu, sem standa þar enn eru í raun okkar einu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík. Útgerð grásleppubáta var við Grímstaðavör langt fram eftir 20. öldinni og þegar mest var voru sextán bátar gerðir út frá Ægisíðunni. Skúrarnir þar og vörin eru því okkar einu kennimörk um smábátaútgerð í Reykjavík. Ef við viljum í raun

vera menningarsamfélag sem kann einhver skil á sinni atvinnusögu verðum við að standa vörð um þessar minjar.

Það er því dapurlagt að horfa upp áhugaleysi borgaryfirvalda þegar kemur að þeirri viðleitni að varðveita og viðhalda þessum merku minjum. Grásleppuskúrarnir og umhverfi þeirra hafa verið í niðurníðslu svo árum skiptir. Í meirihlutatið okkar sjálfstæðismanna var hafist handa við endurgerð þeirra á árunum 2006 til 2010 í góðu samstarfi við íbúa og borgarminjavörð. Þá var unnin tillaga um varðveislu skúranna af Ögmundi Skarphéðinssyni arkitekt og hugmyndir settar fram um hvernig hægt væri að nýta þá og halda sögu þeirra til haga. Um var að ræða metnaðarfullar tillögur sem myndu auka möguleika á nýtingu skúranna og svæðisins í heild með auknum tækifærum til náttúrskoðunar og fræðslu. Þannig yrði saga smábátaútgerðar þar varðveitt og henni gerð skemmtileg skil, t.d. með opnu margmiðlunarsafni og jafnvel stuttum ferðum með árabátum út á Skerjafjörð. Auk þess var gert ráð fyrir að nýta skúrana sem útikennslustofur fyrir leik- og grunnskóla.

Lítið hefur þokast síðan árið 2006 í að ljúka við endurgerð skúranna fyrir utan að búið er að gera vestasta skúrinn upp en enn á eftir að ljúka við endurgerð hinna skúranna og varðveislu þeirra minja á svæðinu sem tengjast sjósókninni frá Grímstaðavör. Í liðinni viku samþykktu borgaryfirvöld enn eina menningarstefnuna en hún kveður á um að hlúa eigi að og færa menninguna út í hverfin. Þessum sömu borgaryfirvöldum hefur hins vegar ekki tekist að ljúka við endurgerð þessara mikilvægu menningarminja. Væri ekki nær að tala minna um menninguna en láta þess í stað verkin tala.

Höfundur:
Marta Guðjónsdóttir,
Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



Marta Guðjónsdóttir
borgarfulltrúi.

BASARINN

Nytjamarkaður

Austurveri

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



FJÖLSKYLDU TILBOÐ

2 ostborgarar og 2 barnaborgarar
með frönskum og kokteilsósu
ásamt 2 lítra gosi og einu meðlæti

AÐEINS 4900 EF SÓTT



RAUÐA LJÓNID
Sími: 562-1800
www.ljonid.is



BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Hvar vilt þú hlaða batteríin?

Við setjum upp hleðslustöðvar á 60 stöðum
í borginni næstu þrjú árin. Hjálpaðu okkur
að finna réttu staðina.

Sendu okkur tillögu á reykjavik.is/hledsla



Reykjavíkurborg



Orkuveita Reykjavíkur



VEITUR

KR – konur

Vilja bjóða konur á öllum aldri velkomnar

KR – konur vilja bjóða allar konur á öllum aldri sem á einhvern hátt hafa tengst eða tengjast KR velkomnar í sinn hóp. Þær óska eftir að konur sendi tölvupóst á netfangið krkonur@kr.is

KR – konur eiga sér nær hálfra aldar sögu. Þann 28. nóvember 1973 komu átján konur saman til fundar í KR-heimilinu. Tilgangurinn var að stofna félagsskap kvenna sem hefði það að markmiði að efla og styrkja Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Félagið hlaut nafnið KR-konur og var fyrsti formaður Aldís Schram. KR – konum fjölgaði hratt því á fimm ára afmælinu voru þær 85 talsins.

Fyrsta verkefni KR – kvenna var að febra félagshemili KR og stuðla að bættri umgengni. Aflað var fjár til margvíslegra verkefna í gengum tíðina og hafa ýmsar fjáröflunarleiðir verið notaðar. Þar á meðal kökubasarar, kaffisölur, bingó, flóamarkaðir, garðplöntusala, sala á húfum, könnum, svuntum, spilum, jólaböll fyrir börnin, jólaföndri, jólakortum og margt fleira.

Starfsemi KR – kvenna hefur tekið breytingum í gegnum tíðina en helsta hlutverk er ennþá að

afla fjár til ýmissa verkefna, einna helst að styðja við yngri flokka félagsins og vera bakhjarl við rekstur félagsheimilis KR. Þorablót Vesturbæinga er hugsmíð KR-kvenna og er orðinn fastur liður í KR heimilinu. Allur ágóði þorablótsins rennur óskiptur í yngri flokka starf félagsins í ólíku formi og má þar nefna styrki til keppnis- og æfingaferða, fyrirlestra sjúkráþjálfara, næringarfræðinga og svefnræðgjafa fyrir iðkendur og skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara.

Í stjórn KR kvenna eru: Arna Guðrún Þorsteinsdóttir formaður, Þórhildur Garðarsdóttir gjaldkeri, Halldóra Sigtryggsdóttir ritari, Helga Ösp Jóhannsdóttir meðstjórnandi, Ragnhildur Elín Garðarsdóttir – meðstjórnandi og Anna Ingigerður Jónsdóttir meðstjórnandi.



Aron Lárusson til KR

Knattspyrnumaðurinn Aron Kr. Lárusson hefur skrifað undir 4 ára samning við Knattspyrnudeild KR. Aron, sem fæddur er árið 1998, hefur leikið með ÍA, Þór Akureyri og Völsungi og er hann frábær liösstyrkur fyrir KR.

Knattspyrnudeild KR býður Aron hjartanlega velkominn á Meistaravelli!



Aron Kr. Lárusson er gengin til liðs við KR.

Norbert úr KR sigraði á Stórmóti HK

KR-ingurinn Norbert Bedö sigraði á Stórmóti HK og Stiga, sem fram fór í Íþróttahúsi Snælandsskóla laugardaginn 13. nóvember.

Leikið var í opnum flokki karla en keppni í kvennaflokki féll niður. Í karlaflokki var fyrst keppt í riðlum en síðan leikið upp úr riðlunum með útslætti.

Norbert sigraði Björn Gunnarsson, HK í úrslitum. Skúli Gunnarsson, KR hafnaði í 3.-4. sæti, sem og Óskar Agnarsson, HK.

Verðlaunahafar fengu gjafir frá Ping Pong.is, umboðsaðila Stiga á Íslandi og frá Nóa-Síríus.

Mynd frá Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur.



Brynjar Þór spilaði sinn 300 leik



Brynjar Þór Björnsson.

Brynjar Þór Björnsson náði þeim merka áfanga að spila sinn 300 deildarleik fyrir KR á dögum gegn Grindavík. Brynjar Þór eða Hr. KR er margfaldur meistari bæði í yngri flokkum félagsins og í meistaraflokki.

Margir muna eftir frægri 3 stiga körfu Brynjars gegn Snæfelli í undanúrslitum 2007 sem að jafnaði oddaleikinn á síðustu sekúndu leiksins og vannst svo sigur í framlengingu. Í sjálfum lokaúrslitunum vannst sigur á Njarðvík og var það upphafið af langri sigurgöngu KR. Margir titlar fylgdu í kjölfarið og var Brynjar Þór Íslandsmeistari til viðbótar við titilinn 2007 árin 2009, 2011, 2014, 2015, 2016, 2017 og 2018. Að auki vannst Bikarkeppni KKÍ 2011, 2015 og 2016 með Brynjar innanborðs.

Til hamingju með þennan merka áfanga Brynjar!



www.kr.is

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

HAMBORGARA
Búllan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

BYKO



Skannaðu kóðann

**Er ekki tilvalið
að hlusta á smá
jólatónlist?**



Undirbúningur jólanna hefst í BYKO

Fizzy ljósafringur 45cm, 50 ljós, brass **6.495** kr. | vnr. 51881187

Nýtt - nú eru komnir sjálfsafgreiðslukassar á Grandann!

Afgreiðslutími

Virka daga **8-18**
Laugardaga **10-18**
Sunnudaga **11-17**
www.byko.is



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Jólavörurnar eru komnar á byko.is

